

Fimmtudaginn 20. febrúar 1997.

Nr. 70/1997.

Lögrelustjórinn í Reykjavík

(Jóhann S. Hauksson lögfr.)

gegn

Láru Dís Sigurðardóttur

(Ástríður Grímsdóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 17. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. febrúar 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um framlengingu gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. mars 1997 kl. 16.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, til vara, að henni verði aðeins gert að sæta farbanni, en til þrautavara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur.

Svo sem í hinum kærða úrskurði greinir, hefur varnaraðili viðurkennt aðild sína að innflutningi og viðskiptum með fíkniefni hér á landi, og er þar um verulegt magn að ræða. Rannsókn máls þessa hefur staðið frá 11. desember 1996 og verið umfangsmikil. Með vísan til þessa svo og þess, sem greinir í hinum kærða úrskurði um atvik málsins, er sterkur grunur um, að varnaraðili hafi framið afbrot, sem getur varðað við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974. Af þessum sökum og þar sem fullnægt er öðrum skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 12. mars 1997 kl. 16.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Láru Dís Sigurðardóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. mars 1997 kl. 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. febrúar 1997.

Ár 1997, fimmtudaginn 13. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jóni Finnbjörnssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. og a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Láru Dís Sigurðardóttur, kt. 130261-7019, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. mars nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a og b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 65/1974.

Hjá lögreglu er nú til rannsóknar fíkniefnamisferli. Grunur leikur á, að flutt hafi verið inn til landsins allt að 30 kg af hassi, allt að 3 kg af amfetamíni og töluvert magn E-taflna. Upphaf málsins má rekja til þess, að tveir Hollendingar, Albart Jan van Houten og Carla Wolff, voru handtekin við komu til landsins 11. desember sl. Reyndust þau hafa í fórum sínum tæp 10 kíló af hassi. Eftir handtöku þeirra voru gerðar húsleitir hjá nokkrum Íslendingum, sem taldir voru tengjast málinu, og fundust þá til viðbótar um 10 kíló af hassi auk amfetamíns og E-taflna.

Við rannsókn málsins hefur komið í ljós, að í september 1996 kom bifreið með síðustu ferð ferjunnar Norrænu til Seyðisfjarðar. Þau, sem komu með bifreiðina með ferjunni, voru nefnd Carla og annar Hollendingur, að nafni W. W. Alberts.

Kærða hefur við yfirheyrslur greint frá því, að hún hafi þekkt Albart um nokkurt skeið og að hún hafi vitað síðan í vor, að Albart hafi haft í hyggju að koma til Íslands með fíkniefni. Hafi hún, er Albart kom í september sl., farið með honum til Seyðisfjarðar til að taka á móti Hollendingum þeim, er komu með ferjunni. Hefur kærða viðurkennt að hafa komið á sambandi Albarts og fólks, er keypti af honum fíkniefni, sem komu til landsins í umræddri ferð. Albart hefur viðurkennt að hafa tekið 15 kg af hassi úr bifreiðinni og afhent Rúnari Kolbeini Óskarssyni 13 kg af því, en selt Ásgeiri Ebeneser Þórðarsyni 2 kg. Hefur kærða viðurkennt að hafa komið Albart í samband við þá Rúnar og Ásgeir.

Kærða hefur borið, að með bifreiðinni hafi komið auk hassins 2-3 kíló af amfetamíni og talsvert af E-töflum og að hún hafi að beiðni Albarts geymt E-töflur og amfetamín heima hjá sér á Bíldudal. Hafi Rúnar Kolbeinn Óskarsson komið þangað einu sinni og tekið af amfetamíninu, en hún hafi komið með afgang amfetamínsins og E-töflurnar til Reykjavíkur nú í desember og afhent Rúnari. Við upphaf rannsóknar þessarar, 12. desember sl., stóðu lögreglumenn Rúnar að því að koma af sér tæpum 500 E-töflum og 250 g af amfetamíni í ruslageymslu að Háaleitisbraut 34, Reykjavík, þar

sem hann var handtekinn. Rúnar hefur neitað allri vitneskju um eða meðhöndlun á framangreindum efnum, en játað að hafa tekið við um 10 kílóum af hassi af nefndum Albart í september sl. Tæp 10 kíló af hassi fundust að Háaleitisbraut 34 og Laugavegi 60, Reykjavík, við húsleitir lögreglu þar 12. desember sl., en Rúnar hafðist við á þessum stöðum. Þá hefur kærða borið, að Albart hafi einnig komið með fíkniefni til landsins í annarri ferð hans til Íslands í september 1996, 5-6 kíló af hassi, en Albart hefur neitað því.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 4. janúar sl., var kærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 22. janúar sl., en þann dag var gæsluvarðhaldið framlengt til 12. febrúar sl. Við fyrirtöku í gær krafðist lögreglan enn framlengingar, svo sem lýst er að framan. Lögreglan reisir nú kröfu sína aðallega á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, en vísar jafnframt til a- og b-liðar 1. mgr.

Kærða og verjandi hennar mótmæltu framlengingu.

Niðurstaða.

Kærða hefur játað geymslu á nokkru magni af amfetamíni og E-töflum um þriggja mánaða skeið. Óvíst er, um hversu mikið magn var að ræða, en atvik benda til, að það hafi verið umtalsvert. Þá hefur kærða viðurkennt milligöngu um að koma á viðskiptum milli innflytjandans, Albarts, og Rúnars Kolbeins Óskarssonar og Ásgeirs Ebenesar Þórðarsonar. Er þar um að ræða innflutning og afhendingu verulegs magns fíkniefna. Kærða hefur því augljóslega brotið gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og vísar lögregla til a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til stuðnings kröfu sinni. Þó er ekki skýrt nánar, hvaða rannsóknarhagsmunir bjóði, að varðhaldi verði beitt, eins og nú stendur. Þá eru þeir ekki augljósir, og verður að hafna tilvísun til a-liðar. Þá á b-liður ekki við heldur.

Kærða hefur játað brot, sem varða verulegt magn fíkniefna. Eins og málið blasir nú við, er ekki fullvíst, að brot hennar rúmist innan verknaðarlýsingar 173. gr. a eða b almennra hegningarlaga. Þá eru ekki augljósir þeir almannahagsmunir, sem lögregla telur, að standi til þess, að kærða sæti áfram varðhaldi. Að þessu virtu er ekki næg ástæða til að framlengja gæsluvarðhaldsvist kærðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um framlengingu gæsluvarðhaldsvistar Láru Dísar Sigurðardóttur.